

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 15 9. janúar 1973.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar nr. 27—44 falli niður og breytist röð eftirfarandi greina og kafla í samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Súðavíkur.

I. KAFLI**1. gr.**

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.**2. gr.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmlest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmlest. Þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 2 000.00.